

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**181. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn föstudaginn **18. júní 2010 kl. 12:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

## Dagskrá :

1. Kosning ritara.
2. Erindi frá sveitarstjóra, grenndarkynningar.
3. Erindi selasiglinga ehf.
4. Ákvörðun um fastan fundartíma skipulags- og umhverfisráðs.

## Afgreiðslur:

1. Fram kom tillaga um að Erla Björg Kristinsdóttir verði kjörinn ritari skipulags- og umhverfisráðs. Tillagan samþykkt samhljóða.
2. **a** Sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra óskar afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs á erindi Tryggva Ólafssonar um byggingu gróðurhúss á lóð sinni að Hjallavegi 8 á Hvammstanga nú þegar niðurstöður grenndarkynningar liggja fyrir. Ráðið samþykkir erindið.
2. **b**. Sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra óskar afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs á erindi Björns L. Traustasonar um byggingu gróðurhúss á lóð sinni að Hlíðarvegi 13 á Hvammstanga nú þegar niðurstöður grenndarkynningar liggja fyrir. Ráðið samþykkir erindið.
3. Kjartan Sveinsson kt.141065-4679 f.h. Selasiglinga ehf. kt. 480310-1280 sækir um leyfi til að setja upp auglýsingaskilti á móts við flotbyggju vestan Hafnarbrautar. Ráðið samþykkir erindið. Anna María vék af fundi við afgreiðslu málsins.
4. Samþykkt að fastur fundartími skipulags- og umhverfisráðs verði fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði kl.:17:00.

Sveitarstjóri setti fundinn, bauð nefndarmenn velkomna til starfa og afhenti erindisbréf skipulags- og umhverfisráðs, vék af fundi kl: 12:20.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 12:50.

Anna María Elíasdóttir(sign).

Unnsteinn Andrésson(sign).

Erla Björg Kristinsdóttir(sign).

Víglundur Gunnþórsson(sign).

Halldór Sigfússon(sign.).

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).

Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).

